



MANNVIT

# AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010 - 2030

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Vegtenging frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæði I-1 á Bakka

Umhverfisskýrsla

Janúar 2014







MANNVIT



*Mannvit Verkfræðistofa*

Grensásvegur 1  
108 Reykjavík  
Sími: 422 3000  
Fax: 422 3001  
@: mannvit@mannvit.is  
www.mannvit.is



# Efnisyfirlit

---

1.	Inngangur.....	2
2.	Forsendur .....	2
3.	Gildandi aðalskipulag og fyrirhugaðar breytingar.....	3
4.	Staðhættir.....	4
5.	Umhverfisáhrif .....	4
6.	Niðurstaða og samantekt .....	7
7.	Kynning og samráð.....	8
8.	Heimildir .....	9

## 1. Inngangur

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar breytingu á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Breytingin snýr að vegtengingu milli hafnarsvæðis á Húsavík og iðnaðarsvæðis (I-1) á Bakka, norðan við Húsavík.

Vegna breyttra forsendna í iðnaðaruppbyggingu á iðnaðarsvæðinu á Bakka þarf að breyta legu vegar eins og hún er sýnd á aðalskipulagsupprætti.

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en samkvæmt 3. gr. laganna gilda ákvæði þeirra um þær skipulagsáætlanir sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Vegagerðin mun vinna sérstaka greinargerð vegna fyrirspurnar um matsskyldu jarðganga og tengivegar í samræmi við 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum breytingarinnar, gildandi aðalskipulagi og fyrirhugaðri breytingu, staðháttum, umhverfismati ásamt því sem greint er frá kynningu og samráði.

## 2. Forsendur

Í Aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 er gert ráð fyrir vegtengingu frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæði á Bakka. Frá því skipulagið var samþykkt hafa áform um iðnaðaruppbyggingu á Bakka breyst og er nú fyrirhuguð uppbygging fleiri smærri aðila í stað eins stórs iðjuvers á Bakka. Áformað er að iðnaðarsvæðið (I-1) sem er 201 ha að stærð í heild, byggist upp í nokkrum áföngum.

Vegna þessara breyttu forsendna í iðnaðaruppbyggingu á iðnaðarsvæðinu á Bakka þarf að breyta legu vegar eins og hún er sýnd á aðalskipulagsupprætti. Við nánari skoðun var ákveðið að bora göng hluta leiðarinnar í stað vegs á yfirborði.

Þegar hætt var við að byggja álver á Húsavík var ekki lengur þörf á, á þessu stigi, að byggja nýjan brimvarnargarð á Húsavík, þ.e. Snásugarð, sem sýndur er á nágildandi aðalskipulagsupprætti, mynd 1. Til að uppfylla skilyrði um góða útflutningshöfn var því tekin ákvörðun um að breyta Bökugarði. Breikka þarf garðinn við jarðgangamunnann og bæta við grjótvörminna, lengja Bökubakka, dýpka höfnina við garðinn, og útbúa ný plön fyrir bíla, vélar og tæki. Nýr iðnaðarvegur um jarðgöng og að Bakka, mun því liggja frá Bökugarði. Í aðalskipulagi verður þó ekki fallið frá hugmyndum um Snásugarð, enda talið að hans verði þörf áður en iðnaðarsvæðið byggist upp að fullu.


Við undirbúning nýs vegar í samræmi við aðalskipulagið kom í ljós að vegtæknilega yrði mjög erfitt að koma fyrir vegi á þessu svæði sem uppfyllti kröfur flutningsaðila um langhalla. Flutningar yrðu óhagkvæmir þó að kröfum um lágmarkshalla væru uppfylltar. Framkvæmdin myndi krefjast gríðarlega mikilla bergskeringa í utanverðan Húsavíkurhöfða og myndi hafa mikil áhrif á umhverfið.

Skoðaður var möguleiki á jarðgöngum og kom í ljós að kostnaður vegna jarðganga yrði lítið hærri en vegna vegar í utanverðan höfðann og áhrif vegarins á umhverfið yrði minni. Tekin var ákvörðun um að leggja veginn í jarðgöngum í gegnum höfðann til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið.

Skipulagið er unnin í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

### 3. Gildandi aðalskipulag og fyrirhugaðar breytingar

Gildandi aðalskipulag var samþykkt í desember 2010. Í því er gert ráð fyrir vegstæði frá hafnarsvæði að iðnaðarlóð I-1 á Bakka eins og sýnt er á mynd 1 og meðfylgjandi uppdrætti. Þar kemur fram: „Nýr tengivegur um hafnarsvæði og að stóriðju að Bakka: Gert er ráð fyrir nýrri tengibraut eftir fjöru neðan Bakka um Hafnarstétt, norður fyrir Norðurhöfn að Snásugarði og síðan upp á Höfðann og að Bakka.“



**Mynd 1** Hluti úr þéttbýlisuppdrætti núgildandi aðalskipulags til vinstri. Staðsetning vegtengingar frá Snásugarði að Bakka (svört lína frá hafnarsvæði, vestast, inn á iðnaðarsvæði). Tillaga að breytingu á aðalskipulagi til hægri. Ný staðsetning vegar gefin til kynna með svartri og rauðri línu meðfram sjávarsíðu. Númer gefa til kynna breytingar eins og þeim er lýst í texta (sjá nánar á skipulagsuppdrætti).

Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir að þær breytingar sem eru í kynningu varðandi færslu háspennulína, jarðstrengs og spennivirkis verði orðnar að veruleika þegar þessi skipulagsbreyting verður tekin til umfjöllunar.

Fyrirhugaðar breytingartillögur eru sýndar á uppdrætti. Breytingarnar eru númeraðar og eru eftirfarandi:

- 1) **Tengivegur.** Vegur sem tekur við af núverandi vegi við Bökugarð og liggur inn á iðnaðarsvæði á Bakka (I-1 á aðalskipulagi). Heildarlengd tengivegar verður sú sama og á núgildandi aðalskipulagi eða um 2800 m. Í hönnunarvinnu hefur lega vegar breyst lítillega á nokkrum stöðum. Vegurinn verður 12 m breiður, með 8 m malbiki. Veginum er aðallega ætlað að vera fyrir þungaumferð tengdri iðnaðarsvæðinu á Bakka.
- 2) **Vegtenging á hafnarsvæði:** Fallið frá vegtengingu við fyrirhugaðan tengiveg að iðnaðarsvæði meðfram hafnarsvæði til norð-vesturs.



- 3) **Tenging við Snásugarð.** Í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tengingu við fyrirhugaðan Snásugarð frá tengivegi milli hafnar og iðnaðarsvæðis. Sú tenging er felld niður í breytingartillögu.
- 4) **Jarðgöng:** Hluti tengivegar frá höfn að iðnaðarsvæði verður í jarðgöngum undir Húsavíkurhöfða, alls um 970 m. Jarðgöngin verða tvíbreið og alls um 11 m breið.
- 5) **Tenging milli fyrirhugaðs tengivegar að Norðausturvegi nr. 85:** Tengivegur sem skilgreindur var á milli fyrirhugaðs tengivegar frá höfn að Bakka og að Norðausturvegi nr. 85 er felldur niður þar sem í breytingartillögu er gert ráð fyrir jarðgöngum en ekki vegi á yfirborði. Nýrri vegtengingu við Norðausturveg nr. 85 er lýst í deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið á Bakka.

#### 4. Staðhættir

Samkvæmt skilgreindri landnotkun á núgildandi aðalskipulagi mun fyrsti hluti vegar liggja um hafnarsvæði. Þar sem vegurinn mun liggja út úr jarðgöngum við Laugardal er m.a. sorpurðunarstaður sveitarfélagsins fyrir óvirkan úrgang og mun vegurinn liggja neðan hans um skilgreint opið svæði til sérstakra nota. Hluti þessa svæðis er skilgreint sem svæði undir náttúruvá (jarðsprungur). Eftir það liggur vegurinn á skilgreindu iðnaðarsvæði (I-1) fyrir stóriðju samkvæmt aðalskipulagi.

#### 5. Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð vegagerð fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. 2. viðauka tl. 10 c sem fjallar um vegi utan þéttbýlis. Framkvæmdin fellur þar með einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga. Við matið var stuðst við greinargerð Vegagerðarinnar um möguleg umhverfisáhrif vegagerðar. Þeir umhverfisþættir sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum eru eftirfarandi:

- Ásýnd og landslag
- Fornleifar og menningarminjar
- Gróðurfar og fuglalíf
- Samfélag (útivist og hávaði)
- Jarðfræði

Í töflu 1 eru tilgreind þau viðmið og umhverfisverndarmarkmið sem horft var til við mat á áhrifum á umhverfisþættina.

**Tafla 1** Viðmið sem horft var til við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar.

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030	Markmið í kafla 11.1. Dregið verði úr umferð þungaflutningabíla um þann hluta Þjóðvegur nr. 85 sem liggur í gegnum miðbæ Húsavíkur með lagningu nýrra tengibrauta um Suðurfjöru og Húsavíkurhöfða. <b>Umhverfisfrágangur:</b> Vandað sé til verka við frágang vegsvæðis og leitast við að fella vegi sem best að landi og gróðri.
	Kafla 21.1.5. Svæði sem eru verðmæt á svæðisvísu. Bakkahöfði og fjara. Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker skulu njóta sérstakrar verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram verði hægt að upplifa fegurð þeirra og fjölbreytni.
	Skipulagsákvæði í kafla 24.3.15. Nýr tengivegur um hafnarsvæði og að stóriðju að Bakka: Gert er ráð

	fyrir nýri tengibraut eftir fjöru neðan bakka um Hafnarstétt, norður fyrir Norðurhöfn að Snásugarði og síðan upp á Höfðann og að Bakka.
Lög um náttúruvernd	35. gr. Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. 37.gr.. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: C. Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærr.
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.
Lög um menningarminjar	Markmið: Að tryggja eftir fongum varðveislu menningasögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins.
Náttúruminjaskrá.	Aðrar náttúruminjar. Bakkafjara og Bakkahöfði, Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.

Hér á eftir er greint frá áhrifum á þá umhverfisþætti sem talið er að framfylgd skipulagsins geti haft áhrif á. Áhrif jarðganga og tengivegar eru metin í mati á umhverfisáhrifum sem er á ábyrgð framkvæmdaaðila og munu leyfisveitingar til framkvæmda og reksturs m.a. byggja á niðurstöðu þess.

Í núgildandi aðalskipulagi var lagt upp með að tengivegur frá höfn að iðnaðarsvæði á Bakka yrði á yfirborði. Með þessari skipulagstillögu er horfið frá því að hluta með því að hluti leiðar verður í jarðgöngum. Ein af meginástæðum þess að sveitarstjórn Norðurlands leggur til að fallið verði frá vegi á yfirborði alla leið eru sjónræns eðlis. Fara hefði þurft í djúpar skeringar næst hafnarsvæðinu og eins norðan í Húsavíkurhöfða. Í umfjöllun um umhverfisáhrif hér á eftir eru borin saman áhrif þessara tveggja kosta með tilliti til umhverfisáhrifa þ.e. vegar á yfirborði og jarðganga.

**Ásýnd og landslag.** Með því að gera göng í gegnum Húsavíkurhöfða í stað þess leggja veg meðfram honum á yfirborði eins og fyrirhugað var verða ásýndaráhrif minni. Vegur á yfirborði hefði haft í för með sér djúpar skeringar næst hafnarsvæðinu og eins norðan Húsavíkurhöfða. Engu að síður munu gangnamunnar og nýr vegur norðan Húsavíkurhöfða verða sýnilegir. Þessir framkvæmdahlutar verða þó lítið sýnilegir frá þéttbýli, en meira áberandi frá sjó. Áhrif á ásýnd og landslag eru neikvæð þar sem óhreyfðu landslagi er breytt varanlega. Með góðri hönnun og vönduðum frágangi verður unnt að draga úr áhrifum eins og lagt er upp með í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 og 35. gr. náttúruverndarlaga.

**Fornleifar og menningarminjar.** Úttekt á fornleifum á skipulagssvæðinu hefur farið fram. Nokkrar fornleifar eru innan 20 m frá ystu brún vegar samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni og enn fleiri eru innan 200 m beltis. Fornminjar innan þess svæðis teljast í hættu samkvæmt skilgreiningu Fornleifastofnunar Íslands. Á þessu stigi er ekki talinn munur á áhrifum á fornminjar eftir því hvort vegur yrði á yfirborði eða í jarðgöngum. Samkvæmt upplýsingum frá Minjastofnun er úttekt á fornminjum ekki lokið að fullu. Í gögnum frá Vegagerðinni kemur fram að unnið hafi verið að viðeigandi mótvægisáðgerðum í samráði við Minjastofnun Íslands. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi áðgerðir í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

**Gróðurfar og fuglalíf.** Gróður mun skerðast vegna vegskála og vegaframkvæmda. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar mun vegagerð á þessu svæði ekki hafa áhrif á fágætar plöntur né mýrar og flóa sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Vegur á yfirborði hefði haft meiri gróðurskerðingu í för með sér en jarðgöng.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður notast við svarðlag við frágang á röskuðum svæðum á framkvæmdasvæðinu til þess að reyna að endurheimta upprunalega gróðurþekju og lágmarka þannig umhverfisáhrif. Að framkvæmdum loknum verði einnig haft samráð við Umhverfisstofnun og landeigendur um uppgræðslu á svæðinu.

Rask og sprengingar vegna vegagerðar geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf á framkvæmdatíma. Talið er að áhrif á rekstartíma verði óveruleg.

Stefna um uppbygginu vegar og jarðganga hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjaskrá; Bakkafjöru og Bakkahöfða.

**Samfélag (útivist, hávaði).** Á framkvæmdatíma verður umferð þungra vinnuvéla á framkvæmdasvæði og hávaði verður vegna sprenginga í veggöngum. Íbúar í nágrenni svæðisins og starfsmenn á hafnarsvæði munu einnig verða fyrir áhrifum vegna umferðarhávaða og ryks. Það á líka við um notendur skilgreinds útivistarsvæðis/göngustígs meðfram sjónum. Óveruleg truflun verður á umferð, en hún mun aukast tímabundið um Norðurgarð og Norðausturveg. Talið er að áhrif á samfélag á framkvæmdatíma verði neikvæð. Slíkt hefði einnig átt við varðandi framkvæmdir við veg á yfirborði þar sem vinna þyrfti djúpar skeringar í höfðann.

Eitt af markmiðum vegaframkvæmdanna er að beina allri umferð vegna iðnaðarsvæðis á Bakka frá Norðausturvegi nr. 85 og þannig frá þéttbýli. Með jarðgöngum hluta leiðarinnar verður umferð ekki nálægt íbúðarsvæðum, en vegur á yfirborði hefði orðið nær íbúðarsvæðum. Á rekstartíma vegar verða áhrif á íbúa í nágrenninu óveruleg þegar horft er til viðmiða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um hávaða. Með jarðgöngum skerðast ekki möguleikar til landnotkunar og útivistar á Húsavíkurhöfða.

**Jarðfræði.** Samkvæmt úttekt Vegagerðarinnar eru engar sérstakar jarðmyndanir í vegstæði. Á það bæði við um jarðmyndanir á yfirborði sem og í göngum. Göngin verða staðsett mjög skammt frá stærstu jarðskjálftasprungum á Húsavíkursvæðinu og jarðskjálftahætta því mikil. Tekið verður tillit til þess við hönnun ganganna.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður notast við efni úr námum sem skilgreindar eru á aðalskipulagi. Reiknað er með að efnispörf í vegagerð verði um 140.000 m<sup>3</sup>. Við gerð ganganna fellur til töluvert magn efnis. Vegagerðin sem er framkvæmdaraðili verksins gerir ráð fyrir að nýta það efni sem fyllingarefni á hafnarsvæði. Ekki er því gert ráð fyrir að haugsetja þurfi umframefni.

## 6. Niðurstaða og samantekt

Í töflu 2 er gerð grein fyrir niðurstöðu umhverfismats og hvernig mögulegt er að draga úr neikvæðum áhrifum við útfærslu aðalskipulagsbreytingarinnar. Í núgildandi aðalskipulagi Norðurljósa var horft til þess að hafa allan veginn á yfirborði. Nú hefur hins vegar verið horfið frá því og var það m.a. gert vegna vegtæknilegra forsendna en einnig ásýndaráhrifa vegar á yfirborði vegna mikilla bergskeringa í Húsavíkurhöfða. Talið er að með vönduðum frágangi og markvissum mótvægisáðgerðum verði unnt að halda umhverfisáhrifum fyrirhugaðra skipulagsbreytinga í lágmarki.

Tafla 2 Niðurstaða umhverfismats aðalskipulagsbreytingar.

Umhverfisþáttur	Einkenni áhrifa	Lýsing áhrifa og hvernig dregið er úr neikvæðum áhrifum
Ásýnd og landslag	<b>Neikvæð</b>	Með því að gera göng í gegnum Húsavíkurhöfða í stað þess að fara meðfram honum eins og fyrirhugað var verða ásýndaráhrif minni. Engu að síður munu gangnamunnar og nýr vegur norðan Húsavíkurhöfða verða sýnilegir. Þessir framkvæmdahlutar verða þó lítið sýnilegir frá þéttbýli, en meira áberandi frá sjó. Með góðri hönnun og vönduðum frágangi verður unnt að draga úr áhrifum.
Fornleifar og menningarmínjar	<b>Óveruleg</b>	Nokkrar fornleifar eru innan 20 m frá ystu brún vegar samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni og enn fleiri eru innan 200 m beltis. Í gögnum frá Vegagerðinni kemur fram að unnið hafi verið að viðeigandi mótvægisáðgerðum í samráði við Minjastofnun Íslands. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi áðgerðir í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarmínjar.
Gróðurfar og fuglalíf	<b>Óveruleg</b>	Gróður mun skerðast vegna vegskála og vegafamkvæmda. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar mun vegagerð á þessu svæði ekki hafa áhrif á fágætar plöntur né mýrar og flóa. Notast við svarðlag við frágang á röskuðum svæðum á framkvæmdasvæðinu til þess að reyna að endurheimta upprunalega gróðurþekju og lágmarka þannig umhverfisáhrif. Rask og sprengingar vegna vegagerðar geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf á framkvæmdatíma. Stefna um uppbygginu vegar og jarðganga hefur ekki áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá; Bakkafjöru og Bakkahöfða.
Samfélag	<b>Neikvæð (framkvæmdatími)</b>	Á framkvæmdatíma verður umferð þungra vinnuvéla á framkvæmdasvæði og hávaði verður vegna sprenginga í veggöngum. Íbúar í nágrenni svæðisins og starfsmenn á hafnarsvæði munu einnig verða fyrir áhrifum vegna umferðarhávaða og ryks. Það á líka við um notendur skilgreinds útivistarsvæðis/göngustígs meðfram sjónum.
	<b>Óveruleg (rekstartími)</b>	Eitt af markmiðum vegafamkvæmdanna er að beina allri umferð vegna iðnaðarsvæðis á Bakka frá Norðausturvegi nr. 85 og þannig frá þéttbýli. Með jarðgöngum hluta leiðarinnar verður umferð ekki nálægt iðnaðarsvæðum. Með jarðgöngum skerðast ekki möguleikar til landnotkunar og útistar á Húsavíkurhöfða.
Jarðfræði	<b>Óveruleg</b>	Engar sérstakar jarðmyndanir eru í vegstæði. Göngin verða staðsett mjög skammt frá stærstu jarðskjálftasprungum á Húsavíkursvæðinu og jarðskjálftahætta því mikil. Tekið verður tillit til þess við hönnun ganganna. Notast verður við efni úr námum sem skilgreindar eru á aðalskipulagi. Vegagerðin gerir ráð fyrir að nýta það efni sem fellur til við gangagerð sem fyllingarefni á hafnarsvæði. Ekki er því gert ráð fyrir að þurfi að haugsetja umframefni.

## 7. Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing var auglýst og einnig send umsagnar- og hagsmunaaðilum til umsagnar. Í töflu 3 er gerð grein fyrir þeim umsögnum sem bárust og viðbrögðum við þeim.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu verður auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Norðurþings. Skipulagstillagan verður samtímis send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Auglýsing aðalskiplagsbreytingarinnar fer skv. 1. mgr. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

**Tafla 3** Athugasemdir sem bárust við skipulags- og matslýsingu.

Umsagnaraðili	Athugasemd	Viðbrögð
Minjastofnun/ Minjavörður Norðurlands eystra	Bendir á að síðastliðið sumar hafi verið skoðaðar minjar í vegstæðinu og á lóð PCC. Áfangaskýrslu er ólokið og gert ráð fyrir frekari rannsóknum á svæðinu næsta sumar. Úttekt á minjum sé því ekki lokið að fullu. Bent er á að nauðsynlegt sé að haft verði samráð við Minjastofnun áður en komi að jarðraski vegna jarðfræðiathugana.	Eins og fram kemur í umfjöllun um fornminjar verður haft samráð við Minjastofnun/ Minjavörð Norðurlands eystra áður en ráðist verður í framkvæmdir sem geta haft áhrif á fornminjar.
Vinnuvélar Eyþórs ehf.	Vinnuvélar Eyþórs ehf. er eigandi fasteignarinnar Höfða 112, Húsavík. Þeir lýsa áhyggjum sínum á gerð jarðganga svo skammt frá og undir fasteigninni þeirra sem ráðgert er. Óska þeir þess að litið verði til þessara ábendinga við framkvæmdir. Í öllum tilfellum vegna framkvæmda þessara áskilja þeir sér bætur ef skemmdir verða á fasteign þeirra eða rýrnum vegna skertra notkunarmöguleika eða á annan hátt vegna þessara fyrirhugaðra framkvæmda.	Ekki þörf á viðbrögðum vegna umhverfismats. Athugasemd hefur verið komið á framfæri og verður höfð í huga við frekari framkvæmdir á svæðinu.
Vegagerðin	Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.	Ekki þörf á viðbrögðum.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	HNE gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.	Ekki þörf á viðbrögðum.
Skipulagsstofnun	Telur að rökstyðja þurfi betur þörf fyrir jarðgöng á hluta fyrirhugaðs tengivegar og helstu forsendur jarðganga. Í matslýsingu kemur ekki fram hvaða valkosti á að skoða. Í umhverfisskýrslu þarf að meta raunhæfa valkosti við stefnuna, sbr. 6. gr. lið f. Í lögum um umhverfismat áætlana. Óbreytt stefna eða svokallaður núllkostur ætti að minnsta kosti að vera til samanburðar við umhverfismat breytingartillögunnar. Gera þarf grein fyrir efnislosun vegna jarðgangagerðar. Fram þarf að koma hvert áætlað magn jarðefna verður og hvar á að losa efnið eða nýta. Í matslýsingu er ekki vísað til viðmiða sem varða breytingartillöguna og lögð verða til grundvallar umhverfismatinu. Í umhverfisskýrslu þarf að gera grein fyrir umhverfisverndarmarkmiðum og viðmiðum stjórnvalda sem höfð verða til hliðsjónar við umhverfismatið sbr. 6.gr. lið e. Í lögum um umhverfismat áætlana.	Fjallað er um forsendur breytinga í kafla 2. Í kafla 5 er umfjöllun um áhrif þeirra kosta að leggja veg á yfirborði alla leið og þess að hafa jarðgöng á hluta leiðarinnar. Í umfjöllun um áhrif á jarðmyndanir í kafla 5 er nú sérstök umfjöllun um efnistökmál. Í upphafi 5. kafla er vísað til viðmiða sem lögð eru til grundvallar matinu.
Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.	Ekki þörf á viðbrögðum.

## 8. Heimildir

Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Náttúruverndarráð, 1997. Náttúruminjaskrá. 6. útgáfa.

Vegagerðin, 2013. *Húsavíkurhöfn og Bakkavegur á Húsavík í Norðurþingi*. Kynning vega- og hafnarframkvæmda og könnun á matsskyldu vegaf framkvæmda. Nóvember. Óbirt drög.